

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN



Tumi Tómasson.

VÍÐIDALSÁ 1985.

Hólum, apríl 1986.

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

1986 N/86007

INNANGUR

Seiðastofnar Víðidalsár og Fitjár voru athugaðir dagana 20.-28. ágúst 1985. Athugunin var með svipuðu sniði og árið áður, nema að þessu sinni voru fremri hluti Fitjár og neðri hluti Víðidalsár kannaðir betur. Um sumarið hófst einnig vinna við tilraun til að ákvarða áhrif sleppitíma á afkomu smáseiðasleppinga.

Með rafveiðum fæst mat á vexti og þéttleika seiða. Sé vöxtur seiða mismunandi eftir svæðum, má rekja uppruna veiddra laxa með aldursgreiningu á hreistursýni. Þannig má oft greina hvort veiddir laxar séu upprunnir úr seiðasleppingu eða náttúrulegu klaki.

ALDURSGREINING HREISTURSSÝNA ÚR VEIÐINNI 1985.

Alls bárust 129 hreisturssýna af löxum veiddum 1985. Af þeim reyndist ekki hægt að greina 13 sýni. Sex sýni voru af löxum, sem voru að koma til hrygningar öðru sinni. Allir höfðu upphaflega verið tvö ár í sjó, hrygnt, dvalið veturinn í ánni og síðan verið heilt ár í sjó, áður en þeir snéru til baka öðru sinni. Þessir laxar voru á bilinu 8,4 - 10,5 kg þegar þeir veiddust og voru með stærstu löxum sem landað var og sýni voru tekin af. Einn lax, 10,4 kg hrygna hafði dvalið þrjú ár í sjó og var að ganga til hrygningar í fyrsta skipti. Að öðru leiti voru þeir laxar sem nú gengu til hrygningar í fyrsta skipti, og sýni voru tekin af, allir undir 8 kg.

Aðrar niðurstöður eru teknar saman í Töflu 1. Af stórlaxinum eru 11% úr smáseiðasleppingunni 1981. Það er athyglisvert að 10% af smálaxinum er einnig frá þeirri sleppingu, frá seiðum sem höfðu dvalið 3 ár í ánni áður en þau héldu út. Sleppingin frá 1982 virðist koma illa út. Ætla má að einungis hafi tæp 5% smálaxanna átt rætur sínar að rekja til þeirra sleppingar. Þessar niðurstöður eru mjög í sama dúr og þær sem hafa fengist við greiningu hreisturssýna úr Vatnsdalsá og Miðfjarðará. Stór hluti af sleppingunni 1981 var þrjú ár í ánni og lítið hefur skilað sér af sleppingunni frá 1982.

ÁSTAND SEIÐASTOFNA.

Að þessu sinni var rafveitt á 24 stöðum. Þar af voru 10 staðir á ólaxgengum svæðum. Yfirlit yfir rafveiðistaðina er gefið á korti (Mynd 1). Númerum staðanna hefur verið breytt frá 1984. Þar sem niðurstöður eru gefnar í töflum er gamla númer staðanna einnig gefið upp, þar sem við á, til að auðvelda samanburð.

Á nokkrum stöðum voru veiddar þrjár yfirferðir. Minnkun í afla á milli yfirferða gefur hugmynd um veiðanleika seiðanna. Öll seiði sem veiddust voru lengdarmæld, og sýni til aldursgreiningar voru tekin af hluta aflans.

Ástand náttúrulegra seiðastofna.

Almennt má segja að sveiflur í laxgengd megi fyrst og fremst rekja til ástands náttúrulegra seiðastofna. Þegar göngur eru stórar eru laxar úr náttúrulegu klaki nær alsráðandi í veiðinni, en hlutdeild laxa af sleppiuppruna eykst jafnan þegar laxgengd minnkar.

Viðidalsá.

Á laxgengum hluta Viðidalsár var veitt á sex stöðum. Á tveimur neðstu stöðunum hafði ekki verið veitt sumarið 1984. Við þjóðvegsbrúna eru uppvaxtarskilyrði fyrir laxaseiði góð, en neðar er aftur finn og laus malarbotn í ánni þar sem framleiðsla fæudýra og skjól fyrir laxaseiði er af skornum skammti. Fyrir neðan Dalsárós er botninn aftur grófari og þar eru góð uppeldisskilyrði innanum, allt niður fyrir "fossana". Niðurstöður rafveiða í Viðidalsá eru gefnar upp í Töflu 2 og á Mynd 2. Botngerðin hefur mikil áhrif á stærðarsamsetningu seiðanna. Þar sem botngerðin er fín eru småseiði yfirleitt í miklum meirihluta. Staður 9 er dæmigerður fyrir slík svæði.

Ástand seiðastofnanna virðist gott. Seiðin voru vel á sig komin og hlutfall seiða í hverjum árgangi bendir til að ekki sé um óeðlilega háa dánartölu að ræða. Samanburður við niðurstöður rafveiða frá 1984 rennir einnig stoðum undir þessa ályktun.

Niðurstöður rafveiðanna eru svipaðar og 1984, nema á stað 8. Þar virðist nú minna af stórum seiðum en áður, sem gæti bent til að gönguseiði af þessu svæði hafi verið yngri 1985 en árið áður. Endurteknu veiðarnar gefa til kynna að veiðnin hafi verið mjög lág, 15 - 20%, sem gæti einnig skýrt þennan mun.

Fitjá.

Í Fitjá var nú veitt á átta stöðum á laxgenga hlutanum, á móti sex 1984. Að þessu sinni var það um allan laxgenga hlutann, fram að Stóra-Hvarfi. Framantil í ánni er botninn grýttur og skilyrði til uppeldis laxaseiða góð.

Niðurstöður rafveiðanna eru gefnar upp í Töflu 3 og á Mynd 3. Seiðin voru almennt væn, nema á stað 9, fyrir neðan Kerin. Þar er botngerðin fremur fín, en jafnframt er mikið af seiðum. Seiðin þar eru einnig að jafnaði minni við sama aldur en seiði í öðrum hlutum Fitjár. Á þessum stað veiddust 0+ seiði (vorgömul) fremur illa sakir småðar þeirra.

Vorgömul seiði fundust á öllum stöðunum, utan einum (staður 3), en í mismiklu magni. Á þremur neðstu stöðunum var mjög mikið af vorgömlum seiðum og er hætt við að þetta geti haft slæm áhrif, eins og reyndar er þegar komið í ljós á neðsta staðnum. ?

Á efta staðnum (veiðistað 2), voru vorgömul seiði einnig smærri

en almennt var. Þarna er það kuldi árinna sem veldur, en ekki of mikill þéttleiki seiða. Þar fundust reyndar engin 1+ og 2+ seiði, en það virðist nokkuð algengt að hrygning sé ekki árviss fremst í löngum laxám. Hefðu vorgömul seiði ekki fundist þar nú hefði verið ástæða til að sleppa þar seiðum.

Sumarið 1984 var heildarþéttleiki og hlutfall stórra seiða (3+) mikið í veiðinni. Þessi seiði gengu flest til sjávar 1985, og má því vanta mjög góðrar smálaxagöngu seinna part sumars 1986. Vöxtur seiða er nú betri en var 1984. Þannig eru 2+ seiði stærri í lok ágúst, en 3+ seiði voru í byrjun júlí 1984. Aukinn vöxtur leiðir til þess að framleiðslugeta árinna skilar sér betur í formi gönguseiða sem verða 3+ og 4+ vorið/sumarið 1986. Verði vorið ekki því kaldara, má reikna með að gönguseiðaframleiðsla verði yfir meðallagi.

Ástand seiða á ólaxgengum svæðum.

Smáseiðum hefur verið sleppt á ólaxgenga hluta vatnasvæðis Víðidalsár í meira en áratug. Eins og fram kom í skýrslunni af rannsóknum sumarið 1984, er erfitt að meta árangur seiðasleppingar á einstaka stöðum, nema að vitað sé hve miklu var sleppt, hvar og hvenær. Hinsvegar má meta heildarárangur sleppinga með aldursgreiningu hreistursýna af veiddum lögum.

Sumarið 1984 var sleppt 40000 smáseiðum á vatnasvæðið. Þar af var 6000 seiðum sleppt í Gljúfurá. Hluti seiðanna var merktur, en þeim var sleppt seint í júlí. Margt bendir til að heppilegra sé að sleppa seiðum fyrr á vorin, og 1985 var gerð tilraun með mismunandi sleppitíma seiða í Kambsá og Víðidalsá. 12 júní var sleppt 10000 seiðum í Víðidalsá, á 5 km kafla, frá Bergá að Yxná við vesturbakkann. Seiðin voru öll merkt með bleikum lit. 9. ágúst var aftur sleppt 10000 seiðum í Víðidalsá á sama svæði, nema við austurbakkann, 1000 seiðanna voru merkt með appelsínurauðum lit.

I Fitjá var sleppt 5000 seiðum á 2,5 km kafla frá vaðinu að Valdaásseli, niður að túngirðingunni á Kambshóli, 12/6 1985. Seiðin voru merkt með ljósgrænum lit. Í ágúst var sleppt 10000 seiðum í Kambsá, 5000 á 2,5 km kafla framarlega í ánni og öðrum 5000 á 2,5 km kafla fyrir neðan Kambshól. Seiðin voru merkt með dökkgrænum lit.

Sleppingarnar 1985, að sleppingunni í Kambsá í ágúst undanskilinni, voru framkvæmdar af Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar, með aðstoð heimamanna.

Víðidalsá.

Fyrir framan Kolugljúfur er víðast laus, skjóllítill malarbotn í ánni, þar til kemur fram undir Hrappstaði. Vitað er að árið 1978 var seiðum sleppt á þetta svæði, en ekkert þeirra fannst aftur í athugun sem gerð var sumarið 1979. Enn var sleppt

laxaseiðum á þetta svæði 1983, og útkoman úr þeirri sleppingu var einnig mjög neikvæð. Fyrir framan Bergá er áin mjög falleg, grýtt og skjólgóð eins langt og skoðað hefur verið.

Alls var veitt á fjórum stöðum á ólaxgenga hluta Víðidalsár (Mynd 1). Niðurstöðurnar eru í Töflu 4 og á Mynd 2. Staður 1 var við austurbakkann. Þar fengust alls 26 0+ laxaseiði á 50 m kafla. Veiðnin er vart mikið yfir 25%, og því er ljóst að óveruleg afföll höfðu orðið síðan sleppt var, en þarna var sleppt 9. ágúst um 2 seiðum á lengdarmetrann. Seiðin voru 5,5 - 7 sm á lengd og frekar mjóslegin. Þau voru líklegast ekki farin að taka fæðu í ánni og því hætt við að sú dánartala sem fylgir aðlögun að ánni væri ekki komin fram enn.

Veiðistaður 2 var við vesturbakkann, en aðstaður voru að öllu leiti mjög svipaðar og var á veiðistað 1. Þar fengust 29 vorgömul sleppiseiði á 50 m kafla. Seiðin voru mjög væn og voru flest 7,0 - 9,0 sm löng. Við sleppinguna í byrjun júní höfðu þessi seiði verið 4,9 sm að meðaltali og 1,2 grömm. Vöxtur þeirra hefur því verið mjög góður. Stærsta árgamla seiðið var 11,7 sm.

Á veiðistað 3, einnig að vestan, fengust líka mörg seiði og væn. Þessi staður er í um 1 km langri kvísl, um 8 - 10 m breiðri, þar sem 1984 var sleppt 2000 seiðum, eða um 6 á hvern lengdarmeter. Þar veiddust úr þeirri sleppingu 28 seiði á 25 m kafla. Ætla má að veiðanleiki seiðanna hafi verið innan við 40%, og fjöldi úr þeirri sleppingu því þá um 3 á hvern lengdarmeter. Það er ljóst að sleppingin frá 1984 hefur einnig tekist vel á þessu svæði. Ekki er hægt að gera raunhæfan samanburð við sleppinguna frá júní 1985, fyrr en sumarið 1986. Sú slepping virðist þó hafa tekist með eindæmum vel.

Árið 1984 var alls sleppt 17500 laxaseiðum í Víðidalsá, fyrir framan Hráppstaði. Vinstri kviðaruggi var klipptur af 5140 seiðum eða 29,4%. Nú er það svo að ugginn vex aftur út á hluta seiðanna. Í rafveiðunum voru 12 af 48 seiðum sem veiddust úr þessari sleppingu með klipptan eða vanskapaðan ugga, eða 25%. Árið 1987 verður nauðsynlegt að athuga kviðaruggana á veiddum smálöxum.

Af þessum athugunum má álykta að sleppingin í júní kemur betur út en sleppingin í ágúst, en endanlegt mat fæst ekki fyrr en sumarið 1986. Jafnframt virðist sleppingin 1984 hafa tekist vel og mun betur en sleppingin 1983.

Fitjá.

Sumarið 1984 var sleppt 1500 gotraufaruggaklipptum laxaseiðum í Fitjá fram hjá Stóra-Hvarfi. Þar veiddust 10 seiði á 35 m kafla (staður 1, Mynd 3, Tafla 4), og mátti merkja að gotraufarugginn hafði verið klipptur á 5 þeirra. Seiðin höfðu vaxið mjög vel og fara út vorið 1986. Þarna eru uppeldisskilyrði góð og sjálfsagt að halda þar áfram sleppingu ef tök eru á.

Kambsá.

Kambsá er hliðará í Fitjá. Seiðin sem sleppt var þar í júní voru mjög smá, 4,2 sm á lengd að meðaltali og um 0,5 gr. Rafveitt var á fjórum stöðum í Kambsá (Tafla 4, Mynd 4). Á stöðum 1 og 4 var sleppt í ágúst 1985, en á stöðum 2 og 3 var sleppt í júní. Botngerð og straumlag eru sambærileg á stöðum 1 og 2 og á stöðum 3 og 4.

Á stað 3 voru veiddar þrjár yfirferðir. Niðurstöðurnar benda til að veiðnin hafi verið um 30%.

Á stöðum 1 og 2 var botninn mjög grýttur og kjörsvæði fyrir lax. Á 100 m köflum veiddust þar 106 og 74 0+ laxaseiði. Þetta bendir til að afföllin frá sleppingu hafi enn verið orðin óveruleg þegar rafveitt var. Hinsvegar voru seiðin úr ágústsleppingu enn ræfilsleg, auk þess sem þau voru almennt smærri en seiðin sem sleppt hafði verið í júní.

Á stöðum 3 og 4 var botninn almennt nokkuð fínn, víðast mál í botni en grýtt innanum. Þarna veiddist einungis um 1/4 til 1/3 miðað við fjölda seiða á stöðum 1 og 2. Sleppingarnar frá júní og ágúst koma svipað út hvað varðar fjölda veiddra seiða, en seiðin frá í júní voru mun stærri og hraustari en seiði úr ágúst sleppingu.

Á öllum stöðunum veiddust seiði úr sleppingu 1984. Árangur þeirrar sleppingar virðist vera nokkuð góður, þó ekki eins góður og í Víðidalsá. Árið 1984 var sleppt 15000 seiðum í Fitjá, þar af vantaði hægri kviðugga á 5140 seiði (34%). Í rafveiðunum 1985 veiddust 23 slík af 76, eða 30%.

Haugakvísl.

Veitt var í nyrstu kvíslinni, 100 m kaflí, en kvíslin er um 1 m á breidd. Þar var fremur lítið rennsli og skjóllítið. Eitt seiði, 12,5 sm fékkst. Þessi kvísl rennur í Ytri-Haugakvísl. Ytri-Haugakvísl er mun meiri, og um 2,5 m á breidd. Á 80 m kafla veiddust þar 41 laxaseiði, að meðaltali 10,6 sm á lengd (8,6-13,4 sm, staðalfrávik 1,2 sm). Reikna má með að mörg þessara seiða gangi út sumarið 1986, en afgangurinn 1987. Seiðin hafa þá dvalist í þrjá og fjóra vetur í ánni eftir sleppingu. Þetta er nokkuð langur tími og eflaust fæst að jafnaði betri svörun úr sleppingu í Víðidalsá og Kambsá. Ef aftur verður sleppt í Haugakvísl ætti að merkja þau seiði sérstaklega. Óþarfi væri að sleppa þar nema á tveggja til þriggja ára fresti.

VEIÐIN 1986.

Laxagangan er samsett úr þremur þáttum, þ.e. lax sem dvalið hefur eitt ár í sjó (smálax), lax sem dvalið hefur tvö ár í sjó

(stórlax) og lax sem dvalið hefur þrjú ár í sjó (boltar). Oftast hafa boltarnir komið til hrygningar áður og eru að ganga í ána öðru sinni.

Miðað við sama aldur eru hængarnir almennt vænni en hrygnurnar. Stærð við aldur er eitthvað misjafn eftir tíðarfari, en tíðarfar hefur áhrif á göngutíma og því á lengd sjávardvalar. Einnig geta vaxtarskilyrði í sjónum verið misgóð á milli ára. Mikill meirihluti henga skilar sér sem eins árs lax úr sjó, en flestar hrygnur dvelja tvö ár í sjó.

Smálaxinn úr Víðidalsá er algengast 5-6 pund. Hængarnir eru 3-7 1/2 pund, en hrygnurnar 3-6 1/2 pund. Stórlaxarnir ná oft 16 og jafnvel 18 pundum, en stærstu laxarnir eru flestir að koma til hrygningar öðru sinni. Þeir hafa fyrst gengið sem stórlaxar, hrygnt, farið út snemma næsta vor og ganga aftur upp í heimaána rúmu ári síðar.

Í Töflu 5 er gerð grein fyrir laxveiðinni síðan 1979 og skiptingu veiðinnar. Það er hægt að draga mörkin milli smálaxa og stórlaxa nokkuð örugglega, en skipting milli stórlaxa og "bolta" er ekki eins örugg. Í töflunni er gert ráð fyrir að allir laxar stærri en 16 pund séu boltar. Vorið 1978 gengu mörg gönguseiði til sjávar. Þetta kemur fram sem mjög góð smálaxaveiði 1979, stórlaxaveiði 1980 og boltar 1982. Önnur góð syrpa er smálaxaveiðin 1981, stórlaxaveiðin 1982 og boltar 1984. Með því að athuga sambandið milli smálaxaveiði á einu ári og stórlaxaveiði ári seinna til lengri tíma, má spá fyrir um stórlaxaveiði á grundvelli veiðinnar árið áður. Sumarið 1985 veiddust alls 420 smálaxar, eða um sex sinnum fleiri en árið þar á undan. Ef að líkum lætur ætti stórlaxaveiðin því að sýna verulegan bata sumarið 1986, og má reikna með að veiðimenn munu þá landa 500-600 slíkum. Jafnframt má ætla að 20-50 boltar komi á land.

Eins og kom fram í töflunni um ástand seiðastofna er gönguseiðaframleiðsla nú góð, og reikna má með að gönguseiðaárgangurinn 1985 hafi verið nokkuð sterkur, og jafnvel mjög sterkur úr Fitjá. Ekki er enn komin næg reynsla á sambandið milli ástands seiðastofna og laxgengdar, til að hægt sé að að spá með miklu öryggi. Þó tel ég víst að smálaxaveiðin 1986 verði ekki undir 500, og líklegast verður hún talsvert meiri. Í heildina reikna ég því með að veiðin í Víðidalsá verði yfir 1100 laxar sumarið 1986 og að veiðin verði jafnari yfir sumarið en verið hefur undanfarin tvö ár.

ÁLYKTANIR.

Smáseiðasleppingar eru snar þáttur í ræktunarstarfinu á vatnasvæði Víðidalsár. Upplýsingar um áhrif sleppitíma á afkomu, á vatnasvæði Víðidalsár og víðar, benda eindregið til að árangur sé betri og öruggari ef sleppt er snemma sumarsins, í maí-júní í meðalári. Rafveiðarnar sýna einnig glögg mikilvægi þess að sleppa þar sem grýtt er og botninn stöðugur. Til að tryggja árangur smáseiðasleppinga sem best, ber brýna

nauðsyn til að halda áfram kerfisbundnum sleppingum og athugunum.

Á laxgenga hlutanum er víða hætta á að viðkoma verði of mikil. Einkenni of mikillar viðkomu er nú að finna neðst í Fitjá og þar verður að reyna að halda hrygningarstofninum í skefjum, t.d. með ádrætti að haustinu.

I Víðidalsá, fyrir neðan brúna (hjá veiðistað 6) og frá Síðu niður undir Dalsárós, er malarbotn í ánni og víðast skjóllítið. Þar væri kjörið að reyna að bera grjót í ána á grunn brot, til að bæta uppeldisskilyrði laxaseiða. Þetta mætti gera á vel afmörkuðum svæðum fyrst, á meðan varanleiki og árangur slíkra aðgerða er kannaður.

Nokkuð hefur verið rætt um að bæta veiðistaði með ýmsu móti, og er gott eitt um það að segja. Þar gildir þó það sama og um aðrar þær aðgerðir, sem ætlað er að bæti veiði. Standa verður þannig að þeim að hægt sé að meta áhrif þeirra. Í þessu sambandi er vert að benda á að vegagerð upp með Fitjá fram að Bjarnarfossi myndi bæta verulega nýtingu þess svæðis til veiða. Með greftri hrogna í árbotninn fyrir framan Bjarnarfoss má síðan meta hvort hagkvæmt gæti orðið að gera fossinn laxgengan.

Á þessu stigi tel ég að ekki eigi að taka upp gönguseiðasleppingar í Víðidalsá. Vilji menn sleppa stórum seiðum sem skila skjótari árangri en smáseiðasleppingar mætti sem tilraun sleppa stórum seiðum í sérstakar tjarnir að haustinu, eða jafnvel með beinni sleppingu í lygna árhluta fyrripart vetrar.

Laxgengd í ána er háð gönguseiðaframleiðslu árinna og afkomu seiðanna. Því væri til bóta ef reynt yrði að halda vargi (t.d. svartbak, fiskiönd og sel) frá ánni, og ós hennar, einkum fyrripart sumars. Minnkur getur valdið miklum usla í seiðastofnum, sérstaklega í minni ám. Því ber að leita að og uppræta minnk, sérstaklega meðfram Fitjá og Kambsá, en einnig á öðrum stöðum.

Ástand náttúrulegra seiðastofna er nú gott og allt útlit fyrir góða laxgengd á næstu árum. Með smáseiðasleppingum má koma í veg fyrir lögðir í veiði eins og þar sem verið hafa undanfarin tvö ár. Lykilatriði er þó að náttúruleg framleiðsla sé góð og haldist þannig.

Tafla 1.

Niðurstöður aldursgreiningar hreisturssýna af löxum úr
Víðidalsá 1985.

Ferskvatn. aldur/ár	Sjávaraldur.			
	1 ár fjöldi	%	2 ár fjöldi	%
1	1	2		
2	3	5	5	11
3	18*	29	16	35
4	37	59	19	41
5	3	5	6	13
6	1	2		
samtals.	63	102	46	100

* þar af 6 líklegast af sleppiuppruna (10%).

Tafla 2.

Veiði laxaseiða á laxgenga hluta Viðidalsár í ágúst 1985. Staðirnir eru sýndir á Mynd 1 og númer í svigum gefa til kynna sambærilega veiðistaði 1984. Tölurnar tákna fjölda veiddra seiða á hverja 100 m². Á veiðistað 8 voru veiddar þrjár yfirferðir.

Veiði staður	stærð veiðisvæðis	aldur seiða			
		0+	1+	2+	3+
5(9)	40x10 m	-	6,5	6,7	7,5
6(10)	40x7 m	0,7	9,3	5,0	1,1
7(11)	40x5 m	2,5	7,0	5,0	1,5
8(12)-1	50x10 m	2,0	4,8	3,4	1,4
8(12)-2	-	2,4	5,2	2,4	0,4
8(12)-3	-	2,0	4,2	2,2	1,0
9	40x10 m	7,2	5,2	1,2	0,5
10	60x5 m	7,3	6,3	7,7	4,7

Tafla 3.

Niðurstöður rafveiða á laxgenga hluta Fitjár í ágúst 1985. Staðirnir eru sýndir á Mynd 1 og númer í svigum gefa til kynna sambærilega veiðistaði 1984. Tölurnar tákna fjölda veiddra seiða á hverja 100 m². Á veiðistöðum 6 og 7 voru veiddar þrjár yfirferðir.

Veiði staður	stærð veiðisvæðis	aldur seiða			
		0+	1+	2+	3+/4+
2	35x10 m	8,9	-	-	3,4
3	50x10 m	0,4	1,8	0,8	3,2
4(15)	42x15 m	-	0,9	1,1	3,6
5(16)	18x33 m	0,7	0,7	3,4	2,5
6(17)-1	33x20 m	0,8	1,7	2,4	3,3
6(17)-2	-	0,1	0,8	2,1	0,6
6(17)-3	-	0,3	0,3	0,4	0,8
7(18)-1	28x10 m	11,8	5,4	5,0	4,3
7(18)-2	-	8,9	3,6	1,4	-
7(18)-3	-	6,8	2,1	2,1	1,1
8(19)	35x12 m	26,9	4,8	1,9	6,2
9(20)	22x18 m	8,8	10,6	3,0	0,8

Tafla 4.


Niðurstöður rafveiða á Ólaxgengum hlutum á vatnasvæði Víðidalsár, ágúst 1985. Staðirnir eru sýndir á Mynd 1 og númer í svigum gefa til kynna sambærilega veiðistaði 1984. Tölurnar tákna heildarfjölda veiddra seiða. Á veiðistað 3 í Kambsá voru veiddar þrjár yfirferðir.

Veiðistaður		stærð veiðisvæðis	aldur seiða		
			0+	1+	2+
Víðidalsá	1	50x10 m	26	4	-
-	2(4)	50x10 m	29	15	-
-	3(5)	25x8 m	20	28	-
-	4(8)	40x15 m	-	1	1
Fitjá	1	35x10 m	-	12	-
Kambsá	1	100x5 m	106	19	
-	2	100x6 m	74	14	
-	3-1	75x4,5 m	22	14	
-	3-2	-	11	13	
-	3-3	-	8	5	
-	4(22)	100x5 m	26	11	
Haugakvísl	1	100x1 m	-	-	1
-	2(1)	80x2,5 m	-	-	41


Tafla 5.

Fjöldi veiddra laxa í Víðidalsá og Fitjá 1979-1985.


Ár	Heildar- veiði	smálax 1 ár í sjó	stórlax 2 ár í sjó	"boltar" 3 ár í sjó
1979	1948	1044	831	73
1980	1423	130	1182	111
1981	1392	799	548	45
1982	1132	438	601	93
1983	1082	450	595	37
1984	625	71	505	49
1985	713	420	275	18




Mynd 1. Yfirlitskort af vatnasvæði Viðidalsár og rafveiðistöðum í ágúst 1985.



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða í Viðidalsá í ágúst 1985, eftir stöðum.



Mynd 3. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða í Fitja í ágúst 1985, eftir stöðum.



Mynd 4. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða í Kambsá í ágúst 1985, eftir stöðum.

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall:

Tidalsá

Fisktegund:

Lax

Sendandi:

Fjöldi sýna:

Veidiár:

1985

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
1	4/7	♀	77	5.5	4+	2+	Dalsárós
2	-"-	♀	60	2	3+	2+	-"-
3	6/7	♀	82	2	4	2+	Steinafljót
4	-"-	♀	70	4	class.		-"-
5	-"-	♀	102	10.5	4	2+9/1+	Armöt
6	-"-	♀	88	6.5	3+	2+	-"-
7	-"-	♀	80	4.8	4	2+	-"-
8	-"-	♀	80	4.8	3+	2+	-"-
9	7/7	♀	77	2	4+	2+	N-Vallhrytur
10	-"-	♀	80	2	3	2+	-"-
11	-"-	♂	24	2	3+	1+	-"-
12	-"-	♂	80	4.9	2+	2+	Armöt
13	8/7	♀	80	2	5	2+	Dalsárós
14	-"-	♂	65	2.9	3	1+	Steinafljót
15	-"-	♂	62	2.5	3+	1+	Armöt
16	-"-	♀	75	2	4+	2+	Bugur
17	9/7	♂	97	8	class.		Steinafljót
18	10/7	♂	65	3	4+	1+	Bugur
19	11/7	♂	98	8.4	3+	2+9/1+	Armöt
20	12/7	♀	75	4	3+	2+	Laxapellur
21	-"-	♀	83	6.7	3+	2+	Dalsárós
22	-"-	♀	82	3.2	4+	1+	Stekjafljót
23	-"-	♀	79	5.5	2+	2+9	Kerstapi
24	-"-	♀	74	4.5	3+	2+	-"-
25	-"-	♀	81	6.5	3	2+	Armöt
26	-"-	♀	62	2.5	3	1+	E-Vallhrytur
27	-"-	♀	82	6	2+	2+	Snagahrytur
28	13/7	♀	76	4.5	5	2+	Bugur
29	-"-	♂	85	7	4+	2+2	Armöt
30	-"-	♀	87	6.5	2+	2+2	-"-
31	-"-	♂	80	5	3+	2+	-"-
32	-"-	♀	84	6	5+	2+	-"-
33	-"-	♀	79	5	4	2+	Bugur
34	14/7	♀	81	5.5	4	2+	-"-

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Varnsfall: Widalsá

Fisktegund: Lax

Sendingar: _____

Fjöldi sýna: _____

Veidiár: 1985

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
35	14/7	♀	83	2.8	4	2+	Himót
36	15/7	♂	82	2.5	3	1+a	Simastrengur
37	- - -	♀	82	2.5	4+	1+	- - -
38	- - -	♂	82	2.5	3	1+a	Skinnafliót
39	- - -	♂	85	2.8	4+	-	- - -
40	- - -	♀	84	2.8	4+	2+	Gaustakleður
41	- - -	♀	84	2.8	3+	2+	Himót
42	- - -	♀	76	4	4+	2+	Bugur
43	17/7	♀	73	4	6+	-	Laxapellur
44	- - -	♂	81	1	2+	2+a	Kerstapi
45	- - -	♂	81	2.5	4+	2+	- - -
46	18/7	♀	97	9.5	4+	2+glt	Dalsárós
47	19/7	♂	66	3	4+	1+a	Skinnafliót
48	20/7	♂	71	3.4	4+	1+	- - -
49	21/7	♀	91	7.5	3	2+	Dalsárós
50	- - -	♀	64	2.5	4	1+	Skinnafliót
51	- - -	♀	84	5	3	2+	- - -
52	28/7	♀	87	6.5	4	2+	G-laufsb.
53	- - -	♀	77	5	4+	2+	Dalsárós
54	29/7	♂	60	2.2	1+	1+	Dalsárós
55	- - -	♂	90	7.5	3+	2+	- - -
56	30/7	♀	98	8.5	d. d. 2+	2+glt	Himót
57	- - -	♀	100	10.4	4	3+	G-laufsb.
58	- - -	♂	92	7.5	5+	2+	Himót
59	- - -	♂	70	3.3	4	1+	Simastrengur
60	4/8	♂	91	7	5	2+	Laxapellur
61	- - -	♂	59	2	3	1+	Girðingastöfur
62	8/8	♀	60	2.2	4	1+	Laxapellur
63	- - -	♂	67	3	4	1+	- - -
64	- - -	♀	72	3.5	2+	2+	- - -
65	9/8	♂	68	3.6	4+	1+	Kelur
66	- - -	♂	60	2	3+	1+	Stekleppur
67	10/8	♀	62	4	3+	2+	Himót
68	- - -	♀	61	2.5	3+	1+	Gurur

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: Liðidalsá

Fisktegund: Lax

Sendandi:

Fjöldi sýna:

Veidiár: 1985

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
69	10/8	♂	96	7.8	blásil		Þormot
70	11/8	♀	86	6.0	-	-	Kelir
71	11/8	♂	83	5	3+	2+	Laxapollur
72	-"-	♂	61	2.2	4+	1+	-"-
73	-"-	♂	73	3.5	2+	1+	Kelir
74	-"-	♂	69	3.5	3	1+	-"-
75	-"-	♀	64	2.8	5+	1+	Eyvat
76	-"-	♂	67	3.4	3+	1+	Þormot
77	-"-	♂	61	2.15	4+	1+	Dalsdóts
78	-"-	♀	100	9	3+	2+g/1+	-"-
79	12/8	♂	72	3.3	4	1+	Þsgginnarbakki
80	-"-	♂	60	2.2	blásil		Silungabakki
81	-"-	♂	57	2.1	4+	1+	Laxapollur
82	-"-	♂	63	2.2	4+	1+	-"-
83	-"-	♂	64	2.2	3+	1+	Þormot
84	-"-	♂	66	2.8	4+	1+	(Finu)?
85	13/8	♂	65	2.2	6	1+	Þormot
86	-"-	♀	82	5.1	4+	2+	Kelir
87	-"-	♀	63	2.2	4+	1+	-"-
88	-"-	♂	92	6.8	blásil		-"-
89	-"-	♂	92	8	5	2+	Dalsdóts
90	14/8	♂	72	3.5	4+	1+	Silungabakki
91	-"-	♀	72	3.5	4+	1+	Dalsdóts
92	-"-	♂	64	2.3	4	1+	Eyvat
93	8/9	♂		3	4+	1+	Galtamessflöt
94	-"-	♂	64	3	4	1+	Þormot
95	-"-	♂	68	2	ímytt		Alfaskörn
96	-"-	♂	90	6	4+	2+	Laxapollur
97	-"-	♂	66	4.5	4	2	Alfaskörn
98	-"-	♀	71	3.5	4+	2+	Símastrugur
99	9/9	♀	82	4.5	blásil		Þórudalsbakki
100	-"-	♂	65	3.5	3+	1+	Dalsdóts
101	-"-	♂	66	3	4+	1+	-"-
102	-"-	♀	70	4	3+	2+	Filgargil

PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

Vatnsfall: Úllur

Fiskelegund: Alak

Sondandi:

Fjöldi sýna:

Veidið: 1483

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
103	4/9	♂		2	4+	1+	Fetlagil
104	---	♀		3.5	3+	1+	---
105	---	♀		2	5	1+	---
106	10/9	♂	58	9.5	4	2+gl+	Armöt
107	12/9	♂	59	1.7		1.6.1.	Neutrituð
108	13/9	♀	54	2		---	Armöt
109	---	♂	66	3.5	4	1+	---
110		♂	61	2.1	4	1+	Símalögn
111		♂	59	1.8	4+	1+	Kristapni
112		♂	65	2.6	4	1+	---
113		♂	66	3	4+	1+	---
114		♂		2	3	1+	---
115		♂		1.7	2+	1+	---
116		♂		2.4	4	1+	---
117		♂		1.8	3+	1+	---
118		♂	30	3.5	3	1+	Armöt
119		♂	64	2.5	2	1+	---
120		♂	66	2.5	4+	4+	---
121		♂	68	3	5	1+	---
122		♂	65	2.7	2+	1+	---
123		♂	69	3.5	2+	1+	---
124		♂	69	2.7	4+	1+	---
125		♂	65	2.3	4	1+	---
126		♂	65	2.5	down H.		---
127		♂	64	2.4	4	1+	---
128		♂	60	2	4	1+	Valleyhúf
129			64	2.4	3+	1+	---